

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 6. febrúar 2009 í máli nr. E-2866/2008:

Mindaugast Stabulion

(Oddgeir Einarsson hdl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. desember sl., að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir dómþinginu af Mindaugas Stabulionis, Iðnbúð 6, Garðabæ, á hendur íslenska ríkinu, með stefnu áritaðri um birtingu 11. apríl 2008.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, frá 20. desember 2007 til greiðsludag, auk málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara að dómkröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

II

Málavextir eru þeir, að hinn 2. október 2008, gerði Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu húsleit í íbúð á 3. hæð í Fellsmúla 4, Reykjavík. Stefnandi kveðst hafa verið staddur í íbúðinni ásamt fleira fólki. Í íbúðinni fundust munir sem grunur lék á um að væri þýfi. Á þeim grundvelli kveðst lögreglana hafa grunað stefnanda um þjófnaðarbrot í verslunum á höfuðborgarsvæðinu.

Stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 3. október sl., á grundvelli kröfu lögreglunnar sama dag. Stefnandi var yfirheyrður af lögreglunni samdægurs og neitaði hann aðild sinni að þjófnaðarbrotum hér á landi. Hinn 7. október sl., var stefnandi aftur yfirheyrður að viðstöddum verjanda sínum og ítrekaði sakleysi sitt að öllu leyti. Stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðahald í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 10. október sl., að kröfu lögreglunnar og var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 24. október 2007.

Stefnandi var úrskurðaður í farbann hinn 19. október 2007 og síðan aftur hinn 1. nóvember 2007.

Hinn 13. nóvember 2007 var stefnandi var ákærður ásamt fimm öðrum einstaklingum vegna auðgunarbrota sem framin voru á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2007. Stefnandi var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, í málinu nr. S-1766/2007, uppkveðnum 20. desember 2007, sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi verið látinn sæta ólögmætu gæsluvarðhaldi frá 3. til 19. október 2007 og ólögmætu farbanni frá 19. október til 20. desember 2007, eigi hann af þessum sökum rétt á skaðabótum úr hendi stefnda.

Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, verði sakborningur aðeins úrskurður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um refsiverðan verknað sem fangelsisrefsing sé lögð við. Jafnframt verði eitthvert eftirtalinna skilyrða að vera fyrir hendi: „að ætla megí að sakborningur muni torvela rannsókn, að ætla megí að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast eða koma sér undan málssókn, að ætla megí að hann muni halda áfram brotum eða að telja megí gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings.“ Stefnandi telur að skilyrðið um rökstuddan grun hafi ekki verið fyrir hendi og því hafi gæsluvarðhaldið verið ólögmætt.

Stefnandi kveðst einungis hafa verið staddur í sömu íbúð og þýfið hafi verið geymt. Það eitt og sér nægi ekki til þess að rökstuddur grunur um afbrot sé fyrir hendi hafi lögregla ekki undir höndum aðrar vísbendingar sem leitt geti til sektar. Myndir af vettvangi séu afar óskýrar og hafi ekki að geyma neina sönnun um þjófnað af hálfu stefnanda að því mjög takmarkaða leyti sem stefnandi hafi verið á myndunum. Slíkar myndir geti því ekki talist nægilegar til að fullnægja skilyrðum um rökstuddan grun.

Ljóst sé að við mat á því hvort um rökstuddan grun sé að ræða eður ei verði dómari að meta það svo að meiri líkur en minni séu fyrir því að sakborningur hafi framið refsivert brot. Í máli þessu hafi ekki annað legið fyrir en vera stefnanda í tiltekinni íbúð þegar húsleit hafi farið fram, nokkrum mánuðum eftir þau innbrot, sem verið hafi tilefni málsins, og meinta veru stefnanda í tiltekinni verslun. Það sé ljóst að það eitt og sér geti ekki talist rökstuddur grunur í skilningi 103. gr. laga um

meðferð opinberra mála.

Jafnvel þótt rökstuddur grunur hafi verið fyrir hendi í málinu þegar gæsluvarðhald yfir stefnanda hafi verið ákveðið, telur stefnandi að skilyrði 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, hafi ekki verið uppfyllt. Sakborningur verði ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald á því einu að um rökstuddan grun sé að ræða heldur verði að liggja fyrir að ætla megi að sakborningur muni torvela rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, sbr. a-lið 1. mgr. ákvæðisins. Bendir stefnandi á, að hvorki í skriflegri kröfu lögreglunnar um gæsluvarðhald né í úrskurðum dómstóla um gæsluvarðhald í málinu hafi verið rökstutt nægilega vel hvernig stefnandi hafi getað torvelað rannsókn málsins. Ljóst sé að búið hafi verið að yfirheyra alla þá sem grunaðir hafi verið í málinu á frumstigum þess og skömmu síðar hafi aðrar yfirheyrslur farið fram. Þar af leiðandi sé afar ósennilegt að stefnandi hafi, með nokkrum hætti, getað haft áhrif á framburð annarra eftir að framburður þeirra lá fyrir, jafnvel þótt hann hafi átt hlut að máli. Jafnvel þó að lögregla hafi ekki yfirheyrt alla sakborninga strax hafi henni verið í lófa lagið að gera það og geti töf á því ekki réttlætt áframhaldandi frelsisskerðingu stefnanda.

Þótt rökstuddur grunur hefði verið fyrir hendi um brot stefnanda og jafnvel þó að auk þess hefði verið sönnuð aðild hans að hluta eða öllum brotunum og jafnvel þó að í ofanálág hefði verið eitthvað sem bent hefði til þess að hann myndi spilla rannsókn málsins ef gæsluvarðhaldi yrði ekki beitt, þá hafi, enn sem fyrr, skort skilyrði til að hneppa stefnanda í gæsluvarðhald. Í 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sé kveðið á um að gæsluvarðhaldi megi aðeins beita fyrir sök sem varði þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi. Þó svo að fangelsisrefsing hafi legið við meintum brotum stefnanda verði ávallt að hafa meðalhófsregluna að leiðarljósi við mat á lögmæti þvingunarráðstafana lögreglu. Ekki megi úrskurða mann í gæsluvarðhald nema sýnt sé fram á að hann fái a.m.k. fleiri daga í óskilorðsbundið fangelsi en nemi gæsluvarðahaldsdögnum.

Í máli því sem hér um ræði hafi möguleg refsing stefnanda, sé tekið tillit til dómafordæma Hæstaréttar í sambærilegum málum, ekki getað orðið nema skilorðsbundið fangelsi hið mesta. Annars vegar hafi ekki verið um að ræða stórfellt brot né veruleg verðmæti. Hins vegar hafi stefnandi aldrei komist í kast við lögín áður og hafi þetta verið hans fyrsta meinta brot. Í þriðja lagi verði ekki hjá því komist að líta til ungs aldurs stefnanda við mat á mögulegum viðbrögðum, en stefnandi hafi aðeins verið 19 ára gamall. Sé því hreinlega útilokað að stefnanda yrði gert að sitja lengur inni en nemi þeim tíma sem honum hafi verið haldið í gæsluvarðhaldi.

Stefnandi byggir kröfu sína jafnframt á því, að ekki hafi verið fyrir hendi skilyrði til að setja hann í farbann, þar sem skilyrði b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála hafi ekki verið uppfyllt. Sakborningur verði ekki úrskurðaður í farbann á þeim eina grundvelli að rökstuddur grunur sé fyrir hendi heldur verði að liggja fyrir að ætla megi að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast eða koma sér með öðrum hætti undan málssókn eða fullnustu refsingar. Ekkert hafi legið fyrir í málinu um að stefnandi myndi reyna að komast úr landi eða koma sér með öðrum hætti undan málssókn.

Stefnandi byggir kröfu sína um bætur á 1. ml. 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem fram komi að dæma megi bætur ef háttsemin sem sakborningur hafi verið borinn sökum um hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana. Ljóst sé að þetta skilyrði sé uppfyllt og því heimilt að dæma stefnanda bætur. Stefnandi hafi verið sýknaður af öllum ákæruliðum með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-1766/2007 frá 20. desember 2007.

Þá byggir stefnandi kröfu sína á 176. gr. laga nr. 19/1991, þar sem segi m.a. að dæma megi bætur vegna handtöku, leitar á manni og annarra aðgerða sem hafi frelsisskerðingu í för með sér ef lögmæt skilyrði hafi brostið til slíkra aðgerða eða ef ekki hafi, eins og stóð, verið nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafi verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Í 2. málslíð 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 komi fram sú undantekningaregla að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Stefnandi telur að túlka beri þetta ákvæði þröngt í ljósi ákvæðis 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveði á um að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta. Sú túlkun sé einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hlotið hafi lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, um að hver maður sé saklaus uns sekt sé sönnuð. Stefnandi hafi ekki framið þau brot sem honum hafi verið gefin að sök. Ekkert sé fram komið í málinu sem geti réttlætt að bætur til hans verði felldar niður að hluta hvað þá að öllu leyti.

Auk ofangreinds geti ákvæði b-liðar 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993, um ólögmæta meingerð gegn æru, valdið því að réttur til miskabóta stofnist vegna aðgerða stefnda.

Samkvæmt 2. mgr. 175. gr. laga nr. 10/1991, skuli bæta fjártjón og miska. Í 26. gr. skaðabotalaga, nr. 50/1993, sé fjallað um miskabætur. Þar segi meðal annars að heimilt sé að láta þann sem af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi beri ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Stefnandi telur að stefndi hafi brotið gróflega gegn sér og sé því krafa hans um 1.000.000 krónur afar hófleg.

Kröfu um dráttarvexti byggir stefnandi á III. og IV. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Stefndi byggir á því, að stefnandi hafi verið grunaður um refsiverða háttsemi, eins og sjáist af gögnum málsins. Fyrir hendi hafi verið rökstuddur grunur um aðild stefnanda að refsiverðri háttsemi og hafi skilyrðum laga nr. 19/1991, sérstaklega 103. gr. þeirra laga, verið fullnægt.

Stefndi bendir á, að meðal lögbundinna hlutverka lögreglu samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sé vinna að uppljóstrun afbrota og að fylgja málum eftir í samræmi við það, sem kveðið sé á um í lögum um meðferð opinberra mála og öðrum lögum. Þá sé rannsókn opinberra mála í höndum lögreglu og skuli lögregla hvenær sem þess sé þörf hefja rannsókn út af vitneskju um grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki, sbr. nánar 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Stefndi byggir á því, að nauðsynlegt hafi verið að hneppa stefnanda í gæsluvarðhald. Til rannsóknar hafi verið fjölmörg afbrot, sem hópur manna hafi verið grunaður um að hafa framið, m.a. hafi þurft tíma til rannsóknar málanna og að nauðsynlegt hafi verið að grunaðir gætu ekki rætt sín á milli og spillt rannsókn málanna meðan hún hafi staðið yfir.

Stefndi byggir á því að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum stjórnarskrár. Þá mótmælir stefndi skýringum stefnanda í stefnu um lengd og tegund refsingar, hefði stefnandi verið dæmdur sekur.

Stefndi byggir og á því, að fullnægt hafi verið lagaskilyrðum til að halda stefnanda í farbanni. Bendir stefndi í því sambandi á 110. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og 1. mgr. b-liðar 103. gr. sömu laga. Þá bendir stefndi á, að dómstólar hafi talið skilyrði farbanns vera til staðar.

Stefndi mótmælir þeirri lögskýringu stefnanda að ríkissjóður verði sjálfkrafa bótaskyldur vegna sýknudóms Héraðsdóms Reykjavík. Að mati stefnda beri að miða við hinn rökstudda grun en ekki einblína á árangur af rannsóknaraðgerðum lögreglu. Dómstólar hafi áður metið það svo að rökstuddur grunur um aðild stefnanda hefði verið fyrir hendi. Allan tímann hafi verið rökstuddur grunur fyrir hendi gagnvart stefnanda þótt hann hafi svo á endanum verið sýknaður fyrir héraðsdómi. Mikil rannsóknarvinna hafi þurft að fara fram vegna umfangs málanna og fjölda sakborninga, en talið hafi verið að stefnandi kynni að geta spillt rannsóknarhagsmunum og torvelað rannsókn málsins með því að hafa áhrif á aðra grunaða og vitni gengi hann laus. Rannsóknartíminn hafi verið vel nýttur af rannsakendum og nauðsynlegt að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi þann tíma sem hann hefði sætt því. Þá byggir stefndi á því, að farbann hafi ekki varað lengur en nauðsyn hafi krafist, þ.e. þar til dómur gekk í málinu. Rekstur og rannsókn máls geti ekki skilyrðislaust leitt til bótaskyldu á grundvelli 176. gr. sbr. 175. gr. laga nr. 19/1991, þótt ákærði sé síðar sýknaður í opinberu máli. Að mati stefnda séu skilyrði 176. gr. laga nr. 19/1991, engan veginn uppfyllt gagnvart stefnanda, enda hafi verið fullt tilefni til rannsóknaraðgerða og beitingar þvingunarúrræða gagnvart honum, lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi og lögregla hafi gætt meðalhófs, sem henni beri að gæta hverju sinni miðað við stöðu rannsóknarinnar á hverjum tíma. Ekki hafi verið gengið lengra en nauðsyn hafi

borið til gagnvart stefnanda. Aðgerðirnar hafi ekki verið framkvæmdar á hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Byggir stefndi á því, að stefndi hafi ekki valdið stefnanda tjóni og að ekki sé fullnægt skilyrðum 21. kafla laga nr. 19/1991, aðallega 175. gr. og 176. gr. laganna. Þá sé ekki fullnægt 26. gr. laga nr. 50/1993, að neinu leyti né ákvæðum annarra bótareglna, þ.m.t. sakarreglunnar. Miski sé algjörlega ósannaður, að mati stefnda.

Stefndi telur, að stefnandi hafi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra atriða sem hann byggir mál sitt á, en stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öllu sem bótakröfu hans viðkomi.

Stefndi byggir á því, telji dómurinn að skilyrði séu til staðar til að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur, að fella eigi bætur niður með vísan til 2. ml. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Bendir stefndi á í því sambandi að framburður stefnanda hjá lögreglu hafi virst óskýr. Stefnandi hafi í einhverjum tilvika sést með einhverjum ákærðu í verslunum, eins og lýst sé í dómi í sakamálinu. Við húsleit í Fellsmúla 4, þar sem stefnandi hafi verið handtekinn hafi fundist mikið magn þýfis. Stefnandi hafi verið sýknaður í refsímalinu. Þó byggt sé á því, að hann hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á, felist ekki í því fullyrðing stefnda um að stefnandi hafi þrátt fyrir það verið sekur. Stefndi telur ekki, að túlka beri ákvæðið þröngt með vísan til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eins og stefnandi haldi fram.

Varakröfu sína byggir stefndi á sömu málsástæðum og sjónarmiðum og aðalkröfu. Stefndi mótmælir sérstaklega fjárhæð miskabótakröfu sem allt of hárrí og í engu samræmi við dómaframkvæmd. Stefndi byggir á því, að skilyrði 2. ml. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991, séu til staðar í málinu til að lækka bætur, sbr. það sem fram sé komið og aðalkrafa hans sé byggð á.

Stefndi mótmælir sérstaklega kröfu um dráttarvexti frá 20. desember 2007. Bótakrafa virðist fyrst hafa komið fram með stefnu í málinu og geti dráttarvextir fyrst fallið á kröfu 30 dögum eftir birtingu stefndu í málinu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um lagarök vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Stefnandi gerir kröfu um skaðabætur úr hendi stefnda á grundvelli XXI. kafla laga nr. 19/1991. Byggir stefnandi málalíbúnað sinn á þeim grunni að honum beri réttur til skaðabóta einkum með vísan til 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, en einnig til sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga

nr. 50/1993. Telur hann að hann hafi verið látinn sæta ólögsmætu gæsluvarðhaldi frá 3. október til 19. október 2007 og ólögsmætu farbanni frá 19. október 2007 til 20. desember 2007. Telur hann einnig að með þessum rannsóknaraðgerðum hafi verið brotið í bága við 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Kveður hann kröfu sína vera vegna miska, sem hann hafi orðið fyrir.

Skilyrði til skaðabóta í tilvikum eins og um ræðir í málinu lúta ákvæðum 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Í 176. gr. laga nr. 19/1991 er heimilað að dæma bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða, sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, þó ekki fangelsi, en um það gildir 177. gr. laganna. Áskilið er að brostið hafi lögsmæt skilyrði til slíkra aðgerða eða ekki hafi eins og á stóð verið nægilegt tilefni til þeirra eða þær framkvæmdar á óþarflega særandi eða móðgandi hátt. Að auki getur, í tilvikum eins og hér um ræðir, 175. gr. laganna leitt til niðurfellingar eða lækkunar bóta ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfu sína á. Ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár hafa verið skýrð svo að þau veiti ekki ríkari bótarétt en reglur XXI. kafla laga nr. 19/1991.

Eins og að framan greinir var stefnandi hnepptur í gæsluvarðhald í framhaldi af húsleit lögreglu að Fellsmúla 4, Reykjavík, hinn 2. október 2007, þar sem fannst mikið fannst af varningi sem rannsóknaraðilar töldu vera þýfi og töldu sig geta tengt hluta munanna við þjófnaði sem tilkynntir höfðu verið í verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Við húsleitina var lagt hald á mikið magn af munum, svo sem fatnaði, snyrtivörum og ýmsum tækjabúnaði. Í íbúðinni höfðu búið nokkrir menn frá Litháen, þar á meðal stefnandi. Beindist rannsókn lögreglu að rúmlega 20 þjófnum úr verslunum, þar sem í öllum tilvikum hafði verið um að ræða, að stolið hafi verið á opnunartíma verslananna, með kerfisbundnum hætti. Kemur fram í framlögðum skýrslum, að langan tíma hafi tekið fyrir lögreglu að skrá niður alla þá muni sem fundist höfðu við húsleitina og fara yfir myndskeið úr þeim málum, þar sem stefnandi hafði verið grunaður um aðild, ásamt fleiri mönnum. Sat stefnandi í gæsluvarðhaldi til 19. október 2007 er hann var úrskurðaður í farbann. Ákæror voru síðan gefnar út á hendur stefnanda, hinn 13. nóvember 2007 og 23. nóvember 2007, þar sem honum var gefinn að sök þjófnaður úr verslunum í félagi við aðra, sem og fyrir hylmingu, með því að hafa haft í vörslum sínum að Fellsmúla 4, GPS-staðsetningartæki, en umræddu tæki hafði verið stolið úr bifreiðinni OV-213 á bifreiðastæði við Laugaveg 38, Reykjavík. Í niðurstöðu dómsins kemur m.a. fram í tveimur ákæruliðum, að meðákærðu hafi þekkt stefnanda á myndskeiðum úr eftirlitsmyndavélum, sem fyrir lágu. Segir og að stefnandi hafi staðið hjá er annar meðákærða hans hafi sett vörur í körfu sína, en ekki sjáist hann taka þátt í þjófnaði úr verslunum og nærvera hans geti ekki ein og sér talist þátttaka í þjófnaði meðákærðu. Þá gaf stefnandi þá skýringu á GPS-staðsetningartækinu, að hann hefði fengið það frá manni sem hann nafngreindi með fornafni. Var stefnandi í farbanni þar til dómur gekk í máli hans. Ákærði var sýknaður af fyrrgreindum ákærum með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 20. desember 2007.

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að nauðsynlegt var að afla frekari gagna um hin meintu brot en rannsókn málsins var skammt á veg komin þegar

stefnandi sætti gæsluvarðhaldi. Skilyrði fyrir því að gæsluvarðhaldi verði beitt í þágu rannsóknar opinbers máls eru þau að fram sé kominn rökstuddur grunur um að sakborningur hafi framið verknad sem fangelsisrefsing er lögð við og að ætla megi að hann muni torvela rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka eins og fram kemur í 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. a-lið lagaákvæðisins. Þegar virt eru þau atriði sem fyrir lágu og hér hafa verið rakin verður að telja að fullt tilefni hafi verið til að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi, enda var þá vegna þessara sömu atriða kominn fram rökstuddur grunur um aðild hans að meintum þjófnaðarbrotum sem allt að sex ára fangelsisrefsing er lögð við samkvæmt almennum hegningarlögum, eins og hér að framan hefur verið lýst og fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurðinum 3. október 2007 og 10. október 2007, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 12. október sama ár. Verður þar með ekki fallist á að stefnanda hafi verið gert að sæta gæsluvarðhaldi að ósekju. Einnig verður að telja að þörf hafi verið á að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi þar sem ella mætti ætla að hann myndi torvela rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á samseka eða vitni. Rannsókn málsins, þar með talið skýrslutökum, var fram haldið allan gæsluvarðhaldstímamann, en sex aðilar voru grunaðir um eiga samaðild að brotunum. Að þessu virtu verður ekki talið að skort hafi á lögmæt skilyrði þess að gæsluvarðhaldinu var beitt eða að ákvæði stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu eða annarra laga, sem stefnandi vísar til, leiði til að hann eigi rétt á bótum úr hendi stefnda. Þá verður og að telja að skilyrðum b-liðar 1. mgr. 103. gr. og 110. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, um að banna stefnanda för frá Íslandi, hafi verið fullnægt, en stefnandi hafði dvalið hér á landi í stuttan tíma og hafði takmörkuð tengsl við landið. Verður því að telja, með vísan til þess sem að framan greinir, að nauðsynlegt hafi verið að tryggja nærveru hans til að koma í veg fyrir að hann gæti komið sér undan frekari rannsókn, saksókn, og málsmeðferð fyrir dómi, vegna þeirra brota sem hann var grunaður um að hafa átt aðild að.

Ber með vísan til þess að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 10. mars 2008.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er lögmannspóknun hans 450.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið litið til virðisaukaskattsskyldu stefnanda.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Mindaugas Stabulionis.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda 450.000 krónur, sem er málflutningsþóknun lögmanns hans, greiðist úr ríkissjóði.

Hervör Þorvaldsdóttir